

**Fundargerð 33. fundar
bæjarráðs
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
16. október 2019 , kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Ólafur Þór Ólafsson, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Magnús Sigfús Magnússon, Daði Bergþórsson, Magnús Stefánsson og Bergný Jóna Sævarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Bergný Jóna Sævarsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.

1. Suðurnesjabær - fjárhagsáætlun 2020 - 1907045

Drög að þjónustugjaldskrá fyrir árið 2020.
Starfsáætlanir stofnana, deilda og sviða fyrir árið 2020.

Afgreiðsla:

Lagt fram.

2. Fjölskyldusvið: fræðsluþjónusta - 1807110

Minnisblað frá sviðsstjóra fjölskyldusviðs, um þróun og skipulag fræðsludeildar.

Afgreiðsla:

Samþykkt að veita heimild til að undirbúa ráðningu sálfræðings og talmeinafræðings hjá fræðsludeild fjölskyldusviðs.

3. Fjölskyldusvið - skipulag fjölskyldusviðs - 1811020

Tillaga um starf deildarstjóra félagsþjónustu.

Afreiðsla:

Samþykkt að heimila fastráðningu deildarstjóra félagsþjónustu á fjölskyldusviði.

4. Þróun lands í nágrenni Keflavíkurflugvallar - 1806379

Drög að samkomulagi um skipulag, þróun, hagnýtingu og markaðssetningu lands í nágrenni Keflavíkurflugvallar.

Afgreiðsla:

Lagt fram.

5. Hlíðargata 9b-Tjaldvæðið í Sandgerði-Samningur um rekstur - 1910010

Drög að samningi.

Afgreiðsla:

Samþykkt að ganga til endurnýjunar á samningi við IStay til 10 ára um rekstur tjaldsvæðis í Sandgerði samkvæmt fyrirliggjandi drögum og til kynningar hjá ferða-, safna- og menningarráði.

6. Hlíðargata 9b-Tjaldsvæðið í Sandgerði-Tillaga að stækkun Þjónustuhúss - 1910025

Tillaga um stækkun þjónustuhúss tjaldsvæðis.

Afgreiðsla:

Samþykkt að vísa erindinu til vinnslu fjárhagsáætlunar er varðar hlutdeild Suðurnesjabæjar í kostnaði við stækkun þjónustuhúss og til kynningar hjá ferða-, safna- og menningarráði.

7. Skólaþing sveitarfélaga 2019 - 1909014

Hvatning til sveitarstjórna um Skólaþing sveitarfélaga 2019.

Afgreiðsla:

Lagt fram.

8. Lög og reglugerðir til umsagnar - 1902075

Tillaga til þingsályktunar um stefnumótun og framtíðarskipulag náms á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum - til umsagnar.

Afgreiðsla:

Bæjarráð lýsir ánægju með framkomna þingsályktunartillögu og tekur mikilvægt að tillagan verði samþykkt af Alþingi og að skipaður verði starfshópur um framtíðarskipulag náms á framhaldsskólastigi á Suðurnesjum.

9. Kalka sorpeyðingarstöð og Sorpa staða á sameiningarhugmyndum - 1806442

Minnisblað frá samráðshópi um framtíð Kólku, dags. 4. október 2019.

Afgreiðsla:

Tillögur samráðshóps um framtíð Kólku samþykktar samhljóða.

10. Kjörnar nefndir: erindisbréf - 1808028

Drög að erindisbréfi fyrir ungmennaráð.

Afgreiðsla:

Samþykkt að vísa drögum að erindisbréfi ungmennaráðs til íþróttá- og tómstundaráðs til umsagnar og fjárveitingu vegna starfs ungmennaráðs til fjárhagsáætlunargerðar.

Fundi slitið kl. 17:30.

33. fundur bæjarráðs
22.10.2019

Ólafur Þór Ólafsson

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

Magnús Sigfús Magnússon

Daði Bergþórsson

Magnús Stefánsson

Bergný Jóna Sævarsdóttir
